



Símafundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps 30. janúar 2024.

Í síma: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Kynning á gögnum fyrir grenndarkynningu um rannsóknarmöstrur.

Farið yfir framlögð gögn um grenndarkynningu fyrir uppsetningu á rannsóknarmöstrum Fjarðarorku ehf. sbr. umfjöllun á síðasta fundi nefndarinnar 29. des. Eftirfarandi setning er um aðkomu og slóðagerð að möstrum: *Ekki er talið þörf á slóðagerð við þessa framkvæmd þar sem slóðir eru að mestu til staðar mögulega þarf að færa til steina og laga þá litillega.* Nefndarmenn sakna þess að ekki sé gerð ítarlegri grein fyrir aðkomu og slóðum að þeim stöðum þar sem reisa á möstrin, einnig gæti skipt máli varðandi aðkomu á hvaða árstíma flutningar og uppsetning eiga sér stað. Vakin var athygli á að í umsókninni er mastrahæðin 130 m en 100 m í grenndarkynningunni. Um frest til athugasemda er heppilegast að vísa til dagsetninga í auglýsingu fremur en að nefna ákveðna dagsetningu í gögnunum. Sé hægt að bregðast fljótt og vel við þessum athugasemdum samþykkir byggingar- og skipulagsnefnd að koma málinu í lögboðið kynningar- og afgreiðsluferli.

2. Umsókn um stöðuleyfi vegna ratsjárstöðva fyrir fuglamælingar.

Fjarðarorka ehf. sækir um stöðuleyfi til að setja upp sex ratsjárstöðvar á þeim stöðum í Fljótshreppi þar sem fyrirtækið hyggst setja upp rannsóknarmöstrur. Tilgangurinn er að framkvæma fuglamælingar vegna rannsókna í tengslum við vindorkugarð. Hver ratsjárstöð er byggð upp með tveimur 10 feta gámum með búnaði og ratsjá ásamt vinnuástöðu fyrir eftirlitsaðila vegna fuglaskoðunar. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið stöðuleyfi.

3. Skógarafurðir ehf. Viðivöllum ytri 2 sækja um byggingarleyfi fyrir tvö frístundahús.

Húsin eru innflutt einingahús úr timbri og verða reist á þremur steyptum þverbitum. Teikningar og byggingarlýsing eru unnar af Verkráði ehf. Frístundahúsin eru bæði sömu gerðar og jafn stór. Brúttó flatarmál er 24 m² og brúttó rúmmál 81 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið byggingarleyfi.

4. Landsvirkjun sækir um stöðuleyfi fyrir Lidar-tæki í landi Þuríðarstaða.

Landsvirkjun óskar eftir stöðuleyfi fyrir Lidar mælitæki og rafstöðvakerru á landi Þuríðarstaða í grennd við Fljótshreppinn til vindorkurannsókna í allt að tvö ár. Markmiðið er að mæla veðurfarslega þætti til að styðja við rannsóknir á fýsileika vindorkunýtingu á svæðinu. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið stöðuleyfi.

5. Rannsóknarmöstrur. Breyting á gr. 2.3.6. í byggingarreglugerð.

Breytingin á h-lið í gr. 2.3.6 er eftirfarandi: *Eftirfarandi mannvirkjagerð er undanþegin byggingarheimild og -leyfi en skal tilkynnt leyfisveitanda. Hún skal vera í samræmi við deiliskipulag og önnur ákvæði reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni. Liður h. Rannsóknarmöstrur ætlað til mælinga, sett upp tímabundið og ekki lengur en til tveggja ára.*

Þessi breyting breytir því ekki að grenndarkynning er nauðsynleg enda farið yfir eignarlönd ýmissa eigenda áður komið er að mastrastæðum. Almennt eru deiliskipulögð svæði ekki á hálendi Íslands. Þó svo að fallið sé frá veitingu byggingarheimildar, þá telja nefndarmenn rétt og óhjákvæmilegt að sveitarstjórn gefi út framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni í kjölfar grenndarkynningar.

6. Önnur mál.

Eftirfarandi kynnt: A) Mótmæli við friðlýsingu á landsvæði á Gilsárdal. Erindi frá landeigendunum Jóni Ólafi Sigurðssyni, Viðivöllum ytri 2 og Þorsteini Péturssyni, Viðivallagerði. B) Kynnt drög að breytingum á aðalskipulagi Fljótshrepps, sem eru í vinnslu hjá Landmótun ehf.



FLJÓTSDALSHREPPUR - BYGGINGARFULLTRÚI
Végarði, 701 Egilsstaðir

Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir
Fundarritari: Sveinn Þórarinnsson